

# ÁRSPING BSÍ 2023

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Karen Rúnarsdóttir	<b>Fundur nr. :</b>	
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	FÁ
	<b>Dagsetning:</b>	2.4.2023
	<b>Frá kl.:</b>	17:30
	<b>Til kl.:</b>	19:00

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Þingsetning</u> Matthías Imsland (MI), framkvæmdastjóri BSÍ, bauð gesti velkomna og setti þingið. Að tillögu MI var Karen Rúnarsdóttir skipuð fundarstjóri og Sigurður Páll Steindórsson fundarritari.
2	<u>Kjörbréf</u> Kjörbréfanefnd var kosin einróma. Ólafur Steinason, Kristin Kristinsson og Anna Guglaug Nílsen. Ólafur Steinason fór yfir nefndinni og tilkynnti eftir yfirferð kjörbréfa að samtals hefðu fulltrúar á þinginu 28 atkvæði. Mættir án þess að vera formlegir þingfulltrúar 53.
3	<u>Skýrsla framkvæmdastjóra og stjórnar</u> MI fór yfir starfsemi sambandsins frá síðasta þingi og ýmis önnur mál. Í kjölfarið seig Guðmundur B. Þorkelsson á svið og þakkaði MI sérstaklega fyrir starfið.
4	<u>Skýrslur formanna fastanefnda</u> <ul style="list-style-type: none"><li>- MI fór yfir störf dómnefndar. Ekkert mál kom inn á borð nefndarinnar á síðasta ári.</li><li>- Sveinn Rúnar Eiríksson fór yfir störf mótanefndar og Bridgehátíðarnefndar. Mótanefnd hélt svipuðu fyrirkomulagi og undanfarin ár en þó er lögð aukin áhersla á að spila mót á föstudegi og laugardegi en ekki sunnudegi. Vel gengur að auglýsa Bridgehátíð erlendis.</li><li>- Hrannar Erlingsson fór yfir störf laga- og keppnisreglugerðarnefndar en engar breytingar urðu á lögum og reglum sambandsins á síðasta ári.</li><li>- Ómar Olgeirsson fór yfir störf meistarastiga- og heiðursmerkjanefndar og las upp efstu 5 á meistarastigalista síðasta árs. Eina breytingin varðandi úthlutun meistarastiga er að uppbótarstig eru nú reiknuð fyrir Bridgehátíð.</li><li>- Guðný Guðjónsdóttir fór yfir störf fræðslu- og nýliðunarnefndar og þakkaði sérstaklega framkvæmdastjóra, Þorgerði Jónsdóttur, Emmu Axelsdóttur, Davíð Lúðvíkssyni og Indu Hrönn Björnsdóttur fyrir sín störf.</li><li>- Gunnar Björn Helgason fór yfir störf landsliðsnefndar. Nefndin valdi lið á Norðurlandamót og Evrópumót á síðasta ári en í haust voru skipaðir landsliðsfyrirliðar, Jón Baldursson og Anna Ívarsdóttir, og hafa þau tekið við utanumhaldi landsliðanna.</li></ul>

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
5	<p><u>Ársreikningur</u></p> <p>MÍ fór yfir ársreikning síðasta árs. Stærsta breytingin frá fyrri árum er að fasteign sambandsins er nú bókfærð samkvæmt fasteignamati.</p> <p>5,5 m.kr. tap varð á rekstrinum á síðasta ári og skýrist það að miklu leyti af mörgum landsliðsverkefnum og erfiðum rekstri vegna COVID. En árangurinn er mjög viðunandi miðað við öll þau verkefni sem farið var í á árinu.</p> <p>Engar umræður voru um ársreikninginn og hann samþykktur einróma.</p>
6	<p><u>Kosning stjórnar, endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga</u></p> <p>Brynjar Níelsson var einn í framboði til forseta og var hann endurkjörinn einróma.</p> <p>Allir stjórnarmenn gáfu áfram kost á sér til stjórnarsetu og voru kosnir einróma. Í aðalstjórn Hrannar Erlingsson, Sigurður Páll Steindórsson, Guðný Guðjónsdóttir og Gunnar B. Helgason. Í varastjórn Gunnlaugur Karlsson og Dagbjört Hannesdóttir.</p> <p>Endurskoðandi var kjörinn Guðlaugur R. Jóhannsson.</p> <p>Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Ómar Olgeisson og Sigurjón Harðarsson. Vara skoðunarmenn Birkir Jón Jónsson og Helga Sturlaugsdóttir.</p>
7	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>MÍ lagði til að árgjald félaga yrði hækkað úr 150 kr. í 200 kr. (hausagjald) og gjald fyrir silfurstigamót yrði hækkað úr 250 kr. í 400 kr. Tillagan var samþykkt.</p> <p>Í lok þingsins hélt keppnisstjórinn Marc van Beijsterveldt tölu og ræddi um upplifun sína af nýafstöðnu Íslandsmóti í sveitakeppni og sýn sína á íslenskan bridge. Almennt var gerður góður rómur að ræðu Marc.</p>